



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ashkenazy á Listahátíð

25. maí 2016





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og verða sendir út síðar.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpi Símans og aðgengilegir áskrifendum útsendinganna í kjölfarið.

Jean-Efflam Bavouzet áritar diska sína í hléi fyrir framan Eldborg á 2. hæð.

Áætluð tímalengd verka:

Rómeó og Júlía: 20'

Píanókoncert: 23'

Sinfónía: 42'

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík.



Listahátíð
í Reykjavík

Mynd á kápu: Nicola Lolli, fyrsti konsertmeistari og Una Sveinbjarnardóttir, þriðji konsertmeistari.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Ashkenazy á Listahátíð

Tónleikar í Eldborg 25. maí 2016 » 19:30

Vladimir Ashkenazy hljómsveitarstjóri

Jean-Efflam Bavouzet einleikari

Pjotr Tsjajkovskij

Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur (1869/1880)

Maurice Ravel

Píanókonsert í G-dúr (1929–31)

Allegramente

Adagio assai

Presto

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sínfónía nr. 6 í F-dúr, op. 68 (1807–08)

Fagnaðarkenndir vakna þegar komið er í sveitina

Við lækinn


Sveitungar skemmta sér –

Þrumuveður –

Söngur smalans. Gleði og þakklæti þegar óveðrinu slotar

Vladimir Ashkenazy

hljómsveitarstjóri



Vladimir Ashkenazy er óumdeilanlega frægastur íslenskra ríkisborgara í klassíska tónlistarheiminum. Í riflega hálfri öld hefur hann verið í hópi fremstu hljóðfæraleikara, eða allt frá því að hann komst á verðlaunapall í þremur virtustu tónlistarkeppnum heims. Hann hlaut önnur verðlaun í Chopin keppninni í Varsjá árið 1955 og fyrstu verðlaun bæði í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel 1956 og Tsjajkovskj-keppninni í Moskvu 1962.

Ashkenazy á að baki glæsilegan feril í hljóðverinu. Hann hefur hljóðritað flest höfuðverk píanóbókmenntanna og hefur hlotið sex Grammy-verðlaun, meðal annars sem besti einleikari með hljómsveit (píanókonsertar Beethovens með Georg Solti, 1974), fyrir bestu kammerhljóðritun (fiðlusónötur Beethovens með Itzhak Perlman, 1979), og besta einleiksdisk (prelúdíur og fúgur Shostakovitsj, 2000).

Ashkenazy steig sín fyrstu skref sem hljómsveitarstjóri með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1972. Hann hefur verið aðalstjórnandi hjá virtum hljómsveitum á borð við Konunglegu filharmóníusveitina í London, Tékknesku filharmóníusveitina og Sinfóníuhljómsveitina í Sídney í Ástralíu. Auk þess hefur hann starfað sem gestastjórnandi með flestum frægustu hljómsveitum heims.

Árið 2002 var Ashkenazy gerður að heiðursstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur síðan snúið aftur á hverju starfsári og stjórnað meistaraverkum tónbókmenntanna, meðal annars *Draumir Gerontiusar* eftir Elgar, *Stríðssálumessu* Britten, 9. sífóníu Mahlers og *Missa solemnis* eftir Beethoven.

Jean-Efflam Bavouzet

einleikari



Jean-Efflam Bavouzet fæddist í Frakklandi 1962 og lærði píanóleik við Konservatóríið í París. Hann vakti fyrst athygli á heimsvísu þegar hljómsveitarstjórinn kunnni, Georg Solti, valdi hann til að debútera á tónleikum með Orchestre de Paris árið 1995.

Bavouzet hefur komið fram með hljómsveitarstjórum á borð við Pierre Boulez, Vladimir Jurowski, Andris Nelsons og Iván Fischer. Á þessu starfsári hefur hann debúterað m.a. með Sinfóníuhljómsveit San Francisco, Ungversku þjóðarfílharmóníunni, og Sinfóníuhljómsveitinni í Sídney þar sem hann lék einmitt undir stjórn Ashkenazys. Hann mun í sumar leika á upphafstónleikum Mostly Mozart-hátíðarinnar í Lincoln Center í New York og á Proms-tónlistarhátíð Breska ríkisútvarpsins. Hann hefur komið fram í öllum helstu tónleikasölum heims og haldið einleikstónleika m.a. í Wigmore Hall og Concertgebouw-salnum í Amsterdam.

Bavouzet hefur hljóðritað fjölda hljómdiska fyrir Hyperion-útgáfuna, meðal annars píanósónötur eftir Haydn og Beethoven, konserta Bartóks og píanótónlist Debussys. Diskar hans hafa hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar, meðal annars tvö Gramophone-verðlaun fyrir konserta eftir Debussy og Ravel, og fyrir fjórða hefti af píanótónlist Debussys. Einnig hefur hann hlotið BBC Music Magazine-verðlaunin, Choc de la Musique, og Diapason d'Or. Þá hlaut hann „International Classical Music Awards“ verðlaunin árið 2012 og sama ár var hann tilnefndur til Gramophone-verðlauna í flokknum Tónlistarmaður ársins.

Pjotr Tsjajkovskíj

Rómeó og Júlía



Tónlistin á Íslandi

Forleikur Tsjajkovskíjs hefur hljómað alloft í meðförum Sinfóníuhljómsvietar Íslands, til dæmis undir stjórn Olavs Kjelland (1960), Gabriels Chumra (1978), Barrys Wordsworth (1987), Pietaris Inkinen (2007) og Ricos Saccani (2015). Sinfóníuhljóm sveit Norðurlands flutti verkið undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar árið 2007 og Ungsveit SÍ undir stjórn Petris Sakari 2014.

Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) stundaði tónlistarnám í Sankti Pétursborg og útskrifaðist úr tónlistarháskóla borgarinnar 25 ára gamall. Skömmu síðar bauðst honum kennarastaða við nýstofnaðan tónlistarháskóla í Moskvu og þar kenndi hann í rúman áratug. Í Moskvu kynntist hann Míli Balakirev, sem var mikill áhrifavaldur á þjóðlegan stíl rússneskra tónskálda um þetta leyti. Balakirev leitaðist við að finna jafnvægi milli vestrænna hefða og rússnesks þjóðaranda í tónsköpun, og var músíkalskur lærifaðir Músorgskíjs, Rimskíj-Korsakovs og Borodins, svo nokkrir séu nefndir. Hann reyndist Tsjajkovskíj einnig vel og líklega hefði forleikurinn um Rómeó og Júlíu aldrei litið dagsins ljós ef ekki hefði verið fyrir hvatningu Borodins.

Ekki verður annað sagt en að vel hafi tekist til. Verkið hefst á hægum inngangi sem hefur á sér trúarlegan blæ og lýsir Bróður Lárens í klausturklefa sínum. Meginhluti forleiksins er í sönötuformi, og tvær meginhugmyndir eru ráðandi. Fyrri stefið er ágengt og ofsafengið og lýsir óvináttu Kapúlett- og Montag-ættanna, en hið seinna lýsir ástum Rómeós og Júlíu. Niðurlagið er einnig byggt á ástarstefinu, en nú er það kaldur og lífvana útfararmars.

Segja má að Tsjajkovskíj hafi fundið sína eigin rödd með forleiknum um Rómeó og Júlíu. Hann var tiltölulega óreyndur sem hljómveitartónskáld og hafði aðeins samið eina sífóníu, enda ekki nema 29 ára gamall. Tsjajkovskíj sótti aftur í sjóð Shakespeares síðar á ferlinum – forleiki byggða á *Ofviðrinu* (1873) og *Hamlet* (1878) – en hvorugt þessara verka skákar þó Rómeó og Júlíu-forleiknum hvað vinsældir varðar.

Maurice Ravel

Konsert í G-dúr



Tónlistin á Íslandi

Fimmtán píanistar hafa flutt píanókonsert Ravels með SÍ, þar af sex íslenskir: Halldór Haraldsson (1968 og 1982), Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1979), Helga Bryndís Magnúsdóttir (1987), Sigrún Grendal (1994), Miklós Dalmay (1996) og Víkingur Heiðar Ólafsson (2005). Auk þeirra hafa m.a. leikið verkið þau Alicia de Larrocha (1972), Pascal Rogé (1980), Jean-Phillipe Collard (1993), Lise de la Salle (2010) og Steven Osborne (2012).

Árið 1928 hélt Maurice Ravel (1875–1937) í fjögurra mánaða tónleikaferð til Bandaríkjanna. Í Hollywood kynntist hann frægustu kvikmyndastjörnum þess tíma, en í New York eyddi hann kvöldunum með tónskáldinu George Gershwin á djassbúllum í Harlem. Áhrifin komu þegar fram í tónsmíðum Ravels, enda er píanókonsertinn í G-dúr sneisafullur af „bláum“ nótum og öðrum tilvísunum í djass. Ravel hóf að semja konsertinn 1929, en lauk við hann í nóvember 1931. Þá hafði hann glímt við heilsubrest um skeið og raunar var píanókonsertinn síðasta meiriháttar tónsmíðin sem Ravel lauk við; hann lést sex árum síðar.

Ravel sagði í viðtali sumarið 1931 að konsertinn væri „undir áhrifum frá Mozart og Saint-Saëns. Mér finnst að konsertar eigi að vera léttúðugir og glitrandi, ekki leitast við að rista of djúpt eða sýna of mikla dramatík.“ Fyrsti kaflinn hefst með hveli, í bókstaflegri merkingu. Undir glitrandi píanórúnum hljómar líflegt stef en þegar píanistinn tekur völdin verður tónlistin hægari og djass-skotnari. Ravel hefur augljóslega verið kunnugur *Rhapsody in Blue* og píanókonserti Gershwins, auk þess sem hann fékk eitt og annað að láni úr *Petrúsku* Stravinskíjs og tokkötumúsík Prokofíevs.

Upphaf hæga kaflans er með því innblásnasta sem Ravel samdi, ljúfsárt píanósóló í blíðum valstakti. Þegar Marguerite Long, sem frumflutti konsertinn, lýsti yfir sérstakri ánægju sinni með stefið fórnaði tónskáldið höndum: „Þessi langa laglína! Hvað ég þjáðist yfir hverjum einasta takti! Hún gekk nærri því af mér dauðum!“ Fleiri hljóðfæri slást í hópinn og undir lokin snýr upphafsvalsinn aftur við glitrandi stjörnuþil slaghörpunnar. Í sprellfjörugum lokabættinum hverfur Ravel aftur í trúðsheim fyrsta þáttar. Áhrif frá *Petrúsku* má greina í „tvítónal“ innslögum blásara í upphafi, þegar klarínnett og flauta takast á loft í tveimur tóntegundum í senn. Píanóið er nær ávallt í forgrunni og tekur að lokum á sprett í fjörugu „moto perpetuo“ þar sem allt er lagt í sölurnar.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 6



Tónskáld 19. aldar höfðu mikinn áhuga á samspili tónlistar og frásagna af ýmsum toga. Tónlist varð vettvangur fyrir það sem kalla mætti „hljómandi skáldsögu“ og tónskáld miðluðu stórum og viðamiklum frásögnum á vettvangi hinnar svonefndu prógrammsinfóníu. Ludwig van Beethoven (1770–1827) var meðal helstu frumkvöðla í þessum samruna tónlistar og frásagnar, bæði í sjöttu sinfóníu sinni og ekki síður *Wellingtons Sieg*, þar sem lýst er í tónum sigri hertogans af Wellington á sveitum Napóleóns 21. júní 1813.

Sveitasinfónía, sem Beethoven samdi á árunum 1807–8, hlaut mikla eftirtekt enda höfundurinn viðurkenndur sem mesta sinfóníuskáld Vínarborgar. Þó gekk *Sveitasinfónían* að sumu leyti þvert á hugmyndir samtímamanna um hvað sinfónía ætti að vera. Um aldamótin 1800 þótti sinfónían helst til þess fallin að tjá stórfenglegar hugsanir og viðburði, og tónlistin einkenndist af þaulhugsuðu formi og mótívískri úrvinnslu. „Sveita-“ eða „hjarðljóðsstíllinn“ var afslappaðri og einkenndist af látlausri framsetningu stefja.

Sjálfur lagði Beethoven á það áherslu að ekki mætti gefa frásagnarhluta verksins of mikið vægi. Við frumflutninginn stóð í tónleikaskránni: „*Sveitasinfónía*, sem er fremur tjáning tilfinninga en málverk í tónum.“ Beethoven bætti við: „Sá sem hefur upplifað sveitalífið getur vel gert sér í hugarlund hvað tónskáldið hafði í huga án þess að reiða sig á lýsingar í orðum.“ Beethoven var einlægur náttúruunnandi og naut þess að reika ótruflaður um skógana í nágrenni Vínarborgar. Ári eftir frumflutning *Sveitasinfóníunnar* skrifaði hann: „Það er varla nokkur maður sem ann sveitinni eins og ég geri. Mér finnst að skógarnir, trén og steinarnir séu bergmál þess sem manneskjan þráir að heyra.“

Sveitasinfónía Beethovens er í fimm þáttum. Upphafskaflinn er um margt ólíkur því sem gerist og gengur í öðrum sinfóníum Beethovens. Stefin eru öll „sveitaleg“ að því leyti

að þau spanna þröng tónsvið, minna um margt á þjóðlög eða dansa þótt öll séu þau frumsamin. Heiðskírt yfirbragð tónlistarinnar kemur ekki síst til af því hvernig Beethoven forðast moll- og minnkaða hljóma eins og heitan eldinn, en notar þess í stað hvern dúrhljóminn á fætur öðrum. Ekki síður vekur eftirtekt hversu sjaldan dýnamíkin fer upp í *forte* eða þaðan af hærra, og hversu djarflega Beethoven leyfir sér að endurtaka sama hljóminn aftur og aftur án nokkurra breytinga, til dæmis í úrvinnslunni. Hér fær tónlistin næstum því mínimalískt yfirbragð; ein hljómskipti á 50 tóktum er nokkuð sem er einstakt í verkum Beethovens og þótt mun víðar væri leitað. Einmitt þetta gefur þættinum ljúft og afslappað yfirbragð sem hæfir efninu. Tíminn silast áfram í sveitinni og Beethoven liggur ekkert á.

Í hæga kaflanum situr Beethoven við lækjarbakkann og lætur hugann reika. Hægur vatnsflaumur heyrir í öðrum fiðlum og lágfiðlum, en fyrstu fiðlur fljóta ofan á með bjartar og afslappaðar hendingar. Undir lokin brýst út fjölskrúðugur fuglasöngur í stuttri kadensu þar sem næturgali (flauta), kornhæna (óbó) og gaukur (tvö klarínnett) láta í sér heyra.

Tónlistin á Íslandi

Þetta er í tuttugasta og fyrsta sinn sem Sí flytur Sveitasinfóníu Beethovens. Róbert A. Ottósson stýrði flutningi hennar í Þjóðleikhúsinu 1951, en síðan hafa m.a. haldið um tónsprotann þeir Olav Kielland (1954), Bohdan Wodiczko (1966 og 1971), Paavo Berglund (1967), Aldo Ceccato (1989), Petri Sakari (1992 og 2001), Osmo Vänskä (2011), Hannu Lintu (2012) og Vladimir Ashkenazy (2013).

Þriðji þáttur er léttur og gamansamur sveitadans. Hér gerir Beethoven góðlátlegt grín að sveitamúsiköntum sem gengur misvel að spila í takt. Glæðvær stemningin leysist skyndilega upp þegar óveðursský taka að nálgast. Fáum tónskáldum hefur tekist jafnvel að lýsa þrumuveðri í tónum enda notar Beethoven möguleika hljómsveitarinnar til hins ítrasta. Skræk piccolóflauta og dynjandi pákur sjá um þrumurnar sjálfar, og nú heyrast svo um munar allir dökku hljómarinnir sem Beethoven sveigði hjá í fyrsta þættinum. Þrumuveðurskaflinn er í rauninni eins konar inngangur að lokakaflanum sem tekur við um leið og veðrinu slotar. Látlaus sálmahending leiðir inn í þakkarsöng þar sem veraldleg gleði og andleg upphafning fléttast saman á töfrandi hátt.

Árni Heimir Ingólfsson

Hljómsveit á tónleikum

25. maí 2016

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Gunnhildur Daðadóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Júliana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Jensdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Mark Reedman

2. FIÐLA

Vera Panitch
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Pascal La Rosa
Hlín Erlendsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Móeiður Sigurðardóttir
Þóra Margrét Sveinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júliana Mogensen
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Inga Rós Ingólfsdóttir
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Eva Kruse Steinaa
Matthias Nardeau
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Gímur Helgason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason

HORN

Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Carl Roine Hultgren

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier aðalhljómsveitarstjóri frá september 2016

Osmo Vänskä aðalgestastjórnandi
Vladimir Ashkenazy heiðursstjórnandi
Daniel Bjarnason staðarlistamaður

Anna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Gímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Himnasælusinfónían

Fim. 9. júní » 19:30

Rolf Martinsson *Ich denke dein...*
Gustav Mahler *Sinfónía nr. 4*

Stjórnandi Eivind Aadland
Einsöngvari Lisa Larsson

Tryggið ykkur miða

Sænska sópransöngkonan Lisa Larsson hefur á glæstum ferli sungið í helstu óperu- og tónleikahúsum heimsbyggðarinnar. Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands syngur hún ljóðin fimm í verki Rolf Martinssons og himinsælu-ljóðið í ægifagurri 4. sinfóníu Mahlers.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

[f](#) [i](#) [t](#) @icelandsymphony #sinfó

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



Stefán Jón: Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

Ágústa: Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is